

## Viðauki við skólasamning fyrir 2013 og 2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans á Tröllaskaga

### A. Markmið

- ▲ *Virkir og sjálfstæðir nemendur á samningstímanum sem*
  - ▲ eru virkir í verkefnavinnu (yfir 90% skili verkefnum á réttum tíma).
  - ▲ líður vel í skólanum (85% líði mjög vel eða vel).
  - ▲ hverfa síður frá námi (brottfall sé undir 20%).
  
- ▲ *Námsframboð á samningstímanum sé fjölbreytt þannig að*
  - ▲ nemendur finni nám við hæfi (með auknu námsframboði).
  - ▲ nemendur séu sjálfstæðir, skapandi og með frumkvæði (sýni afrakstur a.m.k. einu sinni á sýningu á námstíma sínum).
  - ▲ samstarf við aðra framhaldsskóla verði fest í sessi með það að markmiði að efla námsframboð (FNV og FSN í fisktækni, FNV og FAS í útivist).
  - ▲ fjarkennsla í umhverfis- og auðlindafræði verði fest í sessi (samstarf FAS, FSN og ME)
  - ▲ fengin verði fjarkennsla frá VÍ og fleiri í áföngum sem ekki tekst að manna.
  - ▲ áfangaframboð skólans sé tryggt með fjarnemum í almennum áföngum dagskóla.
  
- ▲ *Kennsla sé skapandi og faglegur metnaður eflður á samningstímanum með því að kennarar*
  - ▲ eigi kost á að þróa faglegan metnað sinn (námskeið, búnaður, sveigjanleiki í starfi) mælt í starfsmannasamtali.
  - ▲ noti fjölbreyttar kennsluáðferðir (85% nemenda telji kennsluhætti fjölbreytta).
  - ▲ séu ánægðir í starfi (85% kennara).
  
- ▲ *Stjórnendur séu virkir í starfsemi skólans í þjónustuhlutverki á samningstímanum með því að*
  - ▲ kenna (að minnsta kosti 2. hverja önn).
  - ▲ tryggja að starfsmenn taki þátt í þróun skólans (90% starfsmanna telji svo vera).
  - ▲ tryggja að verklagsreglur séu aðgengilegar og þær séu endurskoðaðar árlega.
  
- ▲ *Fjármál skólans séu í jafnvægi á samningstímanum*
  - ▲ rekstur sé innan fjárhagsáætlunar á hverju skólaári.
  - ▲ aðstaða og búnaður séu til fyrirmyndar (90% kennara telji að svo sé).
  
- ▲ *Samstarf og virkni séu í góðu horfi á samningstímanum með*
  - ▲ sýningu listar og frumkvöðlaverkefna á hverri önn.
  - ▲ samstarfi við fyrirtæki og félagasamtök (kynningar, fyrirlestrar eða formlegt samstarf).
  - ▲ samstarfi við aðra framhaldsskóla (á hverju skólaári).
  - ▲ samstarfi við grunnskóla í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð.
  - ▲ samstarfi við Tónskóla Fjallabyggðar.
  - ▲ erlendu samstarfi frá skólaárinu 2014-2015.

**B. Tímabundin verkefni**

- ▲ *Uppbygging fisktæknibrautar – verklok 2015*
  - ▲ Samstarf við Dalvíkurbyggð, Samherja, Símei og Einingu/löju um uppbygginu fisktæknináms við Eyjafjörð undir samstarfsheitinu Fisktækniskóli Eyjafjarðar.
  - ▲ Samstarf við FNV og FSN um skilgreiningar námsbrautar um fisktækni fjárveiting til þriggja skóla 4.500.000.- úr sjóði um eflingu starfsmenntunar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Þessum hluta lýkur 2013.
  
- ▲ *Uppbygging umhverfis- og auðlindabrautar í fjarnámi – verklok 2014*
  - ▲ Samstarf við FAS, FSN og ME um fjarkennslu námsbrautarinnar.
  - ▲ Styrkur úr Sprotasjóði 1.500.000 til ársins 2013.
  
- ▲ *Uppbygging námsbrautar um skapandi tónlist*
  - ▲ Samstarf við Tónskóla Fjallabyggðar.
  - ▲ Áætluð verklok 2015.